

Þingmannalæk er beint og óbrotið framhald af línunni frá Merkisklöpp að þeirri vörðu. Orðin „beint upp í Þingmannalæk“ tákna þarna beina sjónhendingu frá Merkisklöpp um vörðuna fyrir utan Leifsstaðastekk að Þingmannalæk. Líklegt er því, að orðatiltækið „beint upp í Merkisklöpp“ (frá hornmarkinu utan við Ósgötu) tákni beina sjónhendingu frá hornmarkinu að vestan og austur um Merkisklöpp og vörðuna við Leifsstaðastekk.

Af þessu þykir mega ráða, að hið umdeilda hornmark sé við Eyrarlandsós á stað þeim, sem Leifsstaðabóndi heldur fram. Ekki þykir nægilegt til að hnekkja því, þótt Eyrarlandsós sé ekki nefndur í merkjaskránni, þar sem hann er í óslitnu framhaldi af Friðukil.

Samkvæmt þessu eru merkin á þrætusvæðinu óbrotin lína dregin í gegnum vörðuna utan við Leifsstaðastekk og um Merkisklöpp niður í Eyrarlandsós.

Eftir þessari niðurstöðu þykir mega leggja eiganda Eyrarlands á herðar að greiða þóknun meðdómendanna, þeirra Jakobs Karlssonar og Elíasar Tómassonar, kr. 300.00 til hvors, en málskostnaður að öðru leyti falli niður.

Miðvikudaginn 18. janúar 1950.

Nr. 136/1949. **Ákærvaldið** (Hermann Jónsson)

gegn

Sigurði Sæmundssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með atferli því, sem lýst er í héraðsdómi, hefur ákærði gerzt sekur við þau lagaákvæði, sem þar greinir. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 75 daga. Svo þykir og rétt, að ákærði sé ævilangt sviptur leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Sæmundsson, sæti varðhaldi 75 daga. Hann skal ævilangt sviptur leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónssonar og Gústafs A. Sveinssonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Árnassýslu 16. ágúst 1949.

Ár 1949, þriðjudaginn 16. ágúst, var í aukarétti Árnassýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins að Selfossi af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 10/1949: Réttvísing og valdstjórnin gegn Sigurði Sæmundssyni, en málið var dómtekið sama dag.

Ákærður er Sigurður Sæmundsson, til heimilis að Reykjum í Ölfushreppi, fæddur 17. marz 1917 að Stóru Mörk undir Eyjafjöllum. Þann 7. júní 1943 sætti hann 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir í Vestmannaeyjum, en hefur ekki sætt öðrum refsingum, svo að kunnugt sé.

Málið er höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði hefur í rúmt ár verið starfsmaður Garðyrkjuskólans á Reykjum og hefur þar m. a. alltaf öðru hvoru ekið bifreið skólans, X 129. Laugardaginn 9. apríl s. l. um kl. 10 að morgni ók ákærði bifreiðinni X 129 að brauðbúð Georgs Michelsens í Hveragerði. Hann skildi bifreiðina eftir á hlaðinu fyrir framan búðina, fór þar inn, keypti brauð og fór síðan upp í bifreiðina aftur, setti hana strax í gang og ók henni aftur á bak með þeim afleiðingum, að undir henni varð barnið Hafsteinn Sigursteinsson, tveggja ára gamall, og beið bana af.

Vitnið Sæmundur Guðmundsson var um þetta leyti að vinna við steypuvél, sem stóð skammt frá brauðbúðinni. Veitti það þá drengnum athygli, en hann var þá við girðingu nokkru neðan við bifreiðina. Taldi vitnið, að drengurinn væri á leið til annarra barna, sem voru að leik í sandhrúgu skammt frá steypuvélinni, og mundi þá leið hans liggja rétt aftan við bifreiðina. Vitnið kveður ákærða hafa gengið rakleitt inn í bifreiðina, er hann kom út úr brauðbúðinni, sett hana í gang og byrjað að aka henni aftur á bak. Vitnið kallaði þá til ákærða, og er hann virtist ekki heyra það, veifaði það til hans og hljóp af stað. Ákærði stöðvaði þá

bifreiðina snögglega, en hafði þá ekið yfir barnið. Vitnið gizkar á, að ákærði hafi ekið 1—2 metra aftur á bak, en síðan áfram, því að þegar vitnið kom að, lá drengurinn fyrir aftan vinstra hjól bifreiðarinnar. Hann lá á grúfu, og sneri höfuðið frá bifreiðinni.

Vitnið Bjarni Tómasson stóð hjá Sæmundi, en veitti atvikum ekki at-
hygli, fyrr en Sæmundur kallaði upp. Sá vitnið þá drenginn rétt aftan við
vinstra afturhjól bifreiðarinnar og hjólið fara yfir hann. Telur vitnið, að
bifreiðinni hafi verið ekið mjög hægt aftur á bak og síðan strax áfram
aftur.

Vitnið Eyjólfur Egilsson var samtímis ákærða inni í brauðbúðinni, en
gekk síðan vestur fyrir húsið og að skúr, sem þar stóð. Er vitnið var
komið að dyrum skúrsins, heyrði það hávaða fyrir aftan sig og leit við
og sá þá, að bifreiðinni hafði verið ekið aftur á bak ca 1—2 metra, og
stóð þá vinstra afturhjól hennar ofan á drengnum. Vitnið telur, að hjólið
hafi ekki farið aftur af drengnum, heldur hafi bifreiðin stanzað þarna
örlítla stund og síðan ekið áfram ofan af honum.

Læknarnir Lúðvík D. Norðdal og Jónas Bjarnason voru kvaddir á vett-
vang, og rannsókuðu þeir lík barnsins. Segir svo í vottorði Jónasar um
rannsóknina:

„Slasaði, sem var Hafsteinn Sigursteinsson, 2 ára, var látinn, er við
komum á staðinn, og var auðséð af áverka þeim, sem hann hafði hlotið,
að hann myndi hafa látizt samstundis og slysið bar að höndum.

Við objectiva rannsókn á líki barnsins bar töluvert á marblettum á
vöngum, hálsi og handleggjum. Hnakkabein (os occipitale) var mölbrotið
ásamt aftari hluta hvirfilbeins (os parietale) og aftari hluta gagnauga-
beins (os temporale). Önnur beinbrot en á höfði voru ekki finnanleg.

Eftir objectiva rannsókn verðum við því að telja dauðaorsökina: fract-
ura ossis cranii (höfuðkúpabrot), og er lítill vafi á því, að hjól bifreiðar-
innar hafi farið yfir aftanvert höfuð barnsins.“

Ákærði sjálfur segir svo frá, að þegar hann kom út úr brauðbúðinni,
hafi hann farið vinstra megin inn í bifreiðina, sett hana strax í gang og
ekið nokkuð snögg aftur á bak. Hann kveðst ekki hafa orðið var við
börn vinstra megin við bifreiðina, en ekki hafa gætt aftur fyrir hana og
virzt sjálft hlaðið mannlaut. Rétt um leið og hann ók af stað, heyrði
hann hróp frá steypuvélinni og sá bendingar um að stanza. Kveðst hann
þá þegar hafa reynt að stöðva bifreiðina, en hemlar voru slæmir, og telur
hann, að bifreiðin hafi runnið um það bil hálfa lengd sína aftur á bak,
áður en honum tókst að stöðva hana. Síðan ók hann henni lítið eitt áfram
eftir tilvísun manna þeirra, sem komu að. Hann segist ekki hafa orðið
þess var, að nokkuð yrði fyrir hjólum bifreiðarinnar. Hann segist ekki
hafa haft hurðina opna, heldur aðeins lítið út um rúður stýrishússins.

Bifreiðin var athuguð þegar eftir slysið af Gísla Bjarnasyni lögreglu-
þjóni. Reyndust hemlar þá mjög lélegir. Fóthemil þurfti að pumpa minnst
þrisvar, svo að hann verkaði. Einnig þá verkaði hann misjafnt á hjólin,
þannig að bifreiðin dró aðeins tvö hjól af fjórum. Handhemill var óvirkur.
Ákærði kvað sér hafa verið kunnugt um þetta ástand hemlanna.

Það varúðarleysi ákærða að aka bifreiðinni aftur á bak án þess að gæta sem skyldi að umferð, verður að telja orsök slyssins. Varðar það hann refsingu samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941. Notkun bifreiðarinnar með því ástandi hemla hennar, sem áður var lýst, varðar við 5. gr. samanber 38. gr. bifreiðalaganna.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 2 mánaða varðhald. Hann skal samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna sviptur réttindum til bifreiðarstjórnar í þrjú ár frá birtingu dóms þessa að telja. Hann greiði og allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Sæmundsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði.

Hann skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 20. janúar 1950.

Kærumálið nr. 1/1950.

Sigurður Guðmundsson

gegn

Ólafi Péturssyni og utanríkisráðherra

Um skyldu ráðuneytis til framlagningar opinberra skjala í meiðyrðamáli.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. des. 1949, er hingað barst 7. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 151. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 21. des. 1949 í máli varnaraðilja Ólafs Péturssonar gegn sóknaraðilja. Hér fyrir dómj krefst sóknaraðili þess, að utanríkisráðherra verði dæmt skylt að afhenda til afnota í ofangreindu bæjarþingsmáli skjöl þau, er utanríkisráðuneytið sendi héraðsdómara með bréfum 25. nóv. og 2. des. 1949 og tölumerkt eru nr. 1—40